

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 29. ágúst 2022 í máli nr. 3/2022

Kærunefndina skipa í þessu máli Ívar Halldórsson lögfræðingur, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 5. janúar 2022 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að borðstofustólar sem keyptir voru af varnaraðila hafi verið haldnir galla og krefst endurgreiðslu kaupverðs þeirra. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi dags. 7. janúar 2022, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 16. febrúar 2022. Nefndinni bárust ekki athugasemdir aðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar og andsvara, staðfesting á greiðslu kaupverðs, afrit af samskiptum aðila, ljósmyndir sóknaraðila og skjáskot af lýsingu vöru í vefverslun varnaraðila.

Með bréfi, dags. 18. ágúst 2022, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili festi kaup á átta borðstofustólum, af gerðinni [...], af varnaraðila þann 14. mars 2020 fyrir alls 95.936 krónur. Þann 30. desember 2021 hafði sóknaraðili samband við varnaraðila og upplýsti hann um að áklæði stólanna væri farið að skemmast á efri hluta sessu. Í kjölfarið óskaði sóknaraðili eftir því að fá að skila stólunum og fá kaupverðið endurgreitt en því var hafnað af hálfu varnaraðila.

Sóknaraðili krefst í málinu endurgreiðslu kaupverðs stólanna en varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili vísar til þess að í málinu sé um að ræða borðstofustóla sem keyptir hafi verið í marsmánuði 2020 en sökum Covid heimsfaraldursins hafi þeir lítið verið notaðir auk þess sem aðeins tveir einstaklingar búi á heimili hans. Að sögn sóknaraðila séu allir átta stólarnir skemmdir á efri hluta sessu þeirra sem sé ekki á slitfleti. Við þrif þeirra hafi ekki verið notuð sterk hreinsiefni heldur aðeins ryk/þurrklútar.

Sóknaraðili telur að grind stólanna sé illa hönnuð sem geri það að verkum að áklæðið teygist þegar setið sé í þeim sem hafi þær afleiðingar að áklæðið eyðist þar sem grindin liggir.

Sóknaraðili kveðst hafa sent varnaraðila tölvupóst vegna málsins sem og mætt í verslun varnaraðila með einn af stólunum. Sóknaraðili kveðst túlka svar varnaraðila við tölvupósti sínum á þá leið að um lélega vöru sé að ræða og að umrædd gerð stóla hafi verið til vandræða. Þá hafi komið fram í svari varnaraðila að skráfur eigi það til að losna í stólunum.

Sóknaraðili hafi krafist þess að skila stólunum og fá endurgreiðslu kaupverðs. Hafi því verið hafnað af varnaraðila enda teldi varnaraðila stólana ekki gallaða. Sóknaraðili kveðst ekki sætta sig við inneign eða skipti í aðra sambærilega gerð af stólum og fari því fram á endurgreiðslu þess í stað.

3.2. Andsvör varnaraðila

Varnaraðili vísar til þess að blettir á stólunum séu á þeim stað sem fólk t.d. setur hendurnar á þegar það reisi sig upp úr þeim. Að mati varnaraðila sé það ekki endilega athugasvert að slit af þessu tagi sé á stólunum eftir þann tíma sem sóknaraðila hafi átt þá.

Að sögn varnaraðila hafi sóknaraðili komið með einn stólanna í verslun varnaraðila og hafi aðilar skoðað hann ásamt öðru sýningareintaki sama stóls. Við þá skoðun hafi komið í ljós að grind beggja stóla hafi verið eins en engar skemmdir séu á sýningareintakinu. Vísar sóknaraðili til þess að ef galli væri í efni áklæðisins hefði hann komið fram á fyrstu 3-6 mánuðum frá kaupum. Hafi varnaraðili boðið sóknaraðila yfirferð á stólunum í því skyni að koma til móts við sóknaraðila án þess þó að nokkur galli hafi verið viðurkenndur af hálfu varnaraðila.

Varnaraðili bendir á að engar skemmdir hafi verið á stólunum vegna lausra skrúfa og telji varnaraðili það þessu máli óviðkomandi.

IV

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili festi kaup á átta borðstofustólum, af gerðinni York, af varnaraðila þann 14. mars 2020 fyrir alls 95.936 krónur. Rúmlega 21 mánuði síðar hafði sóknaraðili samband við varnaraðila og upplýsti að áklæði stólanna væri að slitna á efri hluta sessu þeirra. Óskaði sóknaraðili eftir því að skila stólunum og fá endurgreitt kaupverð þeirra en var því hafnað af hálfu varnaraðila.

Í 15. gr. nkpl. er fjallað um hvaða eiginleika söluhlutur þarf að hafa. Í a. lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til“. Í b. lið 2. mgr. segir svo að söluhluturinn skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað“. Í a. lið 1. mgr. 16. gr. laganna kemur fram að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr. Þá mælir 18. gr. nkpl. fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en þar segir í 2. mgr. að galli, sem upp komi innan sex mánaða frá því að áhætta söluhlutar fluttist til neytanda, teljist hafa við til staðar á því tímamarki, þ.e. við afhendingu. Að þeim tíma liðnum færist sönnunarbyrðin yfir til neytanda. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Sóknaraðili hafði samband við varnaraðila varðandi þá ágalla sem hann taldi vera á stólunum í lok desember 2021 eða rúmum 21 mánuði frá kaupunum. Sönnunarbyrði í málinu hvílir því á sóknaraðila samkvæmt 2. mgr. 18. nkpl. og ber honum að sýna fram á að stólarnir hafi verið haldnir galla við afhendingu þeirra.

Samkvæmt framlagðri lýsingu á umræddum stólum í vefverslun varnaraðila er áklæði þeirra úr brúnu gervileðri. Ekki er hægt að fullyrða um það hversu lengi slíkt áklæði á að endast og fer endingartíminn eðli máls samkvæmt eftir aðstæðum hverju sinni, þ.m.t. meðferð og notkun stólanna. Í málinu liggja fyrir þrjár ljósmyndir af áklæði stólanna. Önnur gögn hefur sóknaraðili ekki lagt fram til stuðnings kröfu sinni. Að mati kærunefndarinnar hefur honum ekki tekist að sýna fram á að þau slit sem komin eru á áklæði efri hluta sessu stólanna stafi af framleiðslugalla sem varnaraðili ber ábyrgð á. Verður hér sérstaklega að hafa í huga að varnaraðili kvartaði ekki undan meintum ágöllum fyrr en rúmum 21 mánuði frá kaupunum. Verður því að hafna kröfu sóknaraðila.

V Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

Víðir Smári Petersen
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson